

AUGLÝSING

um kröfur til viðhaldsvotta, JAR-66.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 73. gr. samanber 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, að kröfur þær sem gerðar eru til viðhaldsvotta sem ábyrgð bera á útgáfu viðhaldsvottorða fyrir flugvélar og þyrlur með 5.700 kg hámarksflugtaksmassa og þar yfir skulu vera í samræmi við sameiginlegar kröfur JAA-rikkjanna, JAR-66 sem gefnar voru út 3. apríl 1998.

Kröfur JAA-rikkjanna í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með brot á umræddum kröfum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 4. júní 2002.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.

Fylgiskjal.

JAR-66 Viðhaldsvottar

Fylgiskjal þetta hefur að geyma JAR-66 útgefið af JAA þann 3. apríl 1998. JAR-66 er gefinn út af JAA í tveimur þáttum. 1. þáttur (Section 1) hefur að geyma þær reglur sem hér eru birtar. 2. þáttur (Section 2) hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum 1. þáttar (iðulega nefnt „Acceptable Means of Compliance, AMC“) ásamt leiðbeinandi skýringarefni („Interpretative/Explanatory Material, IEM“). Víða í texta 1. þáttar er vísað til þessa skýringarefnis, en annan þátt JAR-66 er hægt að panta á skrifstofu flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands.

JAR 66.1 – Almenn ákvæði.

- a) Í JAR-145 er þess krafist að viðhaldsvottar með viðeigandi heimild gefi út viðhaldsvottorð fyrir hönd samþykkrar JAR-145 viðhaldsstöðvar þegar gengið hefur verið úr skugga um að öllu tilskildu viðhaldi sé lokið.
- b) Ef ekki kemur annað fram í c-, d-, e- og f-liðum skulu viðhaldsvottar, sem bera ábyrgð á útgáfu viðhaldsvottorða, uppfylla viðeigandi kröfur JAR-66 um hæfi.
- c) JAR-66 takmarkast við viðhaldsvotta sem bera ábyrgð á útgáfu viðhaldsvottorða fyrir flugvélar og þyrlur með 5.700 kg hámarksflugtaksmassa og þar yfir.
Ath.: Um beitingu JAR-66 hvað varðar flugvélar og þyrlur með hámarksflugtaksmassa undir 5.700 kg, loftskip og íhluti loftfara verður fjallað síðar. Til íhluta loftfara teljast hreyflar, aukaaflostöðvar og loftskrúfur.
- d) Starfsmenn sem hafa heimild til að neyta vottunarréttinda í samræmi við gildandi innlendar reglugerðir um flug fyrir gildistöku JAR-66 mega neyta þeirra réttinda áfram.

- e) Starfsmenn, sem eru í samþykktri grunn- eða tegundarþjálfun í samræmi við gildandi innlendar reglugerðir um flug þegar b-liður JAR-66.3 öðlast gildi teljast áfram hæfir í samræmi við þær reglugerðir. Hæfið, sem fæst við slíka þjálfun, er viðurkennt til vottunarréttinda í samræmi við d-lið JAR-66.1.
- f) Viðhaldsvottar með hæfi skv. d- eða e-lið, mega áfram neyta heimildarinnar nema öðrum grunnflokkum eða undirflokkum hæfis sé bætt við þá heimild þegar viðeigandi viðbótarkröfur JAR-66 gilda um slíka vikkun heimildar. Vikka má heimild viðhaldsvotta með hæfi í samræmi við d- eða e-lið þannig að hún nái til fleiri tegunda loftfara, með fyrirvara um samræmi við innlendar reglugerðir um flug sem í gildi voru fyrir gildistöku JAR-66.
- g) Þrátt fyrir d-, e- og f-lið mega starfsmennn áfram neyta réttinda sinna og skulu þeir fá útgefið JAR-66 skírteini flugvéltækni á grundvelli innlands hæfis án frekari prófa en innan tímamarka d-liðar JAR-66.3. Í JAR-66 skírteini flugvéltækni geta verið tæknilegar takmarkanir, sem tengjast JAR-66, hafi viðkomandi ekki viðunandi hæfi en það breytir ekki gildandi vottunarréttindum. Tæknilegar takmarkanir verða felldar niður, eftir því sem við á, eftir að viðkomandi hefur staðist próf vegna skírteinaskipta.

JAR 66.3 – Gildistaka.

- a) JAR-66 reglur voru fyrst gefnar út 3. apríl 1998 og öðluðust gildi 1. janúar 1999 samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/1998.
- b) Eftir 1. júní 2001 skulu allir, sem krafist er að hafi samþykki í samræmi við b- eða f-lið JAR-66.1, uppfylla kröfur JAR-66.
- c) Flugmálafyrirvöldum með fulla aðild að JAA er heimilt að gefa út JAR-66 skírteini flugvéltækni á aðlögunartímabilinu skv. b-lið.
- d) Allir sem þurfa að fá innlendu hæfi sínu skipt yfir í JAR-66 skírteini flugvéltækni samkvæmt ákvæðum g-liðar JAR-66.1 skulu gera það eigi síðar en 10 árum eftir að aðlögunartímabilinu skv. b-lið lýkur.

JAR 66.5 – Skilgreiningar.

Þegar orð eða orðasambönd eru notuð í kröfum þessum hafa þau þá merkingu sem hér greinir: *Skírteini flugvéltækni* (Aircraft maintenance licence) merkir skjal sem gefið er út sem sönnun á hæfi og til staðfestingar því að sá sem í hlut á standist kröfur JAR-66 um þekkingu og reynslu er varðar grunnflokk loftfara og tegundaráritun sem tilgreint er í skjalinu.

Aths.: Skírteini flugvéltækni eitt sér leyfir ekki að handhafi þess gefi út viðhaldsvottorð vegna loftfara sem notuð eru í flutningaflugi. Til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir slík loftför verður handhafinn að auki að hafa JAR-145 vottunarheimild sem samþykkt JAR-145 viðhaldsstöðin hefur gefið út.

Vottun (Certification) merkir útgáfa viðhaldsvottorðs.

Flugmálafyrirvöld með fulla aðild að JAA (JAA full member Authority) merkir flugmálafyrirvöld sem eiga fulla aðild að JAA, en það þýðir að samþykkisvottorð eða skírteini, sem slík fyrirvöld gefa út í samræmi við JAR-reglurnar, eru viðurkennd af öllum slíkum fyrirvöldum.

Aths.: Ríkin, sem eiga fulla aðild að JAA, eru talin upp í 3. viðbæti í 2. þætti JAR-66. Sjá einnig 10. tölul. inngangsorðanna.

Verklagsreglur viðhaldsstöðvar (Organization Procedures) merkir verklagsreglur sem samþykkt JAR-145 viðhaldsstöðin notar í samræmi við starfsemislýsingu viðhaldsstöðvarinnar innan gildissviðs samþykkisins.

JAR 66.10 – Gildissvið.

a) Í JAR-66 reglunum er kveðið á um kröfur sem gerðar eru um hæfi þeirra starfsmanna sem hafa heimild frá samþykkttri JAR-145 viðhaldsstöð til að gefa út viðhaldsvottorð í samræmi við JAR-145.50. Er þess krafist að slíkur starfsmaður hafi gilt JAR-66 skírteini flugvéltækni með tegundaráritun til vitnis um þekkingu hans og reynslu svo og gilda JAR-145 vottunarheimild sem veitir honum vottunarréttindi.

b) Til þess að fá JAR-66 skírteini flugvéltækni þarf að uppfylla kröfur JAR-66.15, JAR-66.25 og JAR-66.30 að því er varðar viðeigandi grunnflokk eða -flokka JAR-66.20. JAR-66 skírteini flugvéltækni er áritað með viðkomandi JAR-66.20 grunnflokki eða -flokkum og, eftir atvikum, tegundaráritunum veittum samkvæmt JAR-66.45.

Aths.: Gefa má út JAR-66 skírteini flugvéltækni án tegundaráritunar en hafa ber í huga að tegundaráritun er eitt af frumskilyrðunum fyrir útgáfu JAR-145 vottunarheimildar.

c) Til að öðlast JAR-145 vottunarheimild er þess krafist að kröfur b-liðar JAR-66.40, JAR-66.45, JAR-66.50 og JAR-66.55 séu uppfylltar.

Aths.: Í JAR-145 eru viðbótarkröfur um hæfi sem þarf að uppfylla til að öðlast JAR-145 vottunarheimild.

JAR 66.13 – Beiting og útgáfa.

a) Umsókn um skírteini flugvéltækni skv. b-lið JAR-66.10 eða um breytingu á slíku skírteini ber að fylla út á þar til gerðum eyðublöðum og á þann hátt sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mæla fyrir um og leggja inn hjá þeim yfirvöldum.

Aths.: Í 2. viðbæti 2. þáttar eru dæmi um umsóknareyðublöð.

b) Umsækjandi sem uppfyllir viðeigandi kröfur b-liðar JAR-66.10 og hefur greitt öll gjöld, sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mæla fyrir um, á rétt á JAR-66 skírteini flugvéltækni.

c) JAR-66 skírteini flugvéltækni er gefið út af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA en fela má samþykktum JAR-145 viðhaldsstöðvum að undirbúa útgáfu leyfisins.

Aths.: JAR-145 vottunarheimild er gefin út af samþykkttri JAR-145 viðhaldsstöð eftir að samræmi við viðeigandi liði JAR-66 og JAR-145 hefur verið staðfest.

JAR 66.15 Lágmarksskilyrði.

(Sjá IEM 66.15)

a) Viðhaldsvottar skulu vera minnst tuttugu og eins árs að aldri.

b) Viðhaldsvottar skulu geta lesið, skrifað og tjáð sig svo vel sé á því tungumáli eða tungumálum sem tækniskjöl og verklagsreglur viðhaldsstöðvarinnar eru skrifaðar á svo sem nauðsynlegt er til að annast útgáfu viðhaldsvottorða.

JAR 66.20 – Flokkar og vottunarréttindi.

(Sjá AMC 66.20)

a) Vottun er gerð í samræmi við verklagsreglur samþykkttrar JAR-145 viðhaldsstöðvar og innan gildissviðs heimildarinnar.

b) Viðhaldsvottar, sem eru hæfir skv. JAR-66 og handhafar gilds skírteinis flugvéltækni, með viðeigandi tegundarréttindi ef við á, eru gjaldgengir sem handhafar JAR-145 vottunarheimildar í einum eða fleiri af eftirfarandi flokkum:

- 1) Vottunarheimild viðhaldsvotta í A-flokki veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu minni háttar reglubundnu leiðarviðhaldi og einfaldri lagfæringu á bilun, eins og tilgreint er í JAR-145, innan marka þess verksviðs sem áritað er í heimildinni. Vottunarréttindi eru bundin við þau verk sem handhafi heimildarinnar hefur sjálfur innt af hendi. A-flokkur skiptist í undirflokka flugvéla, þýrlna, hverfihreyfla og strokkhreyfla. Aths.: Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B1 veitir sjálfkrafa leyfi til vottunar í viðeigandi undirflokkum A. Viðhaldsvottar í flokki B2 geta talist hæfir í öllum undirflokkum A og sömuleiðis allir flugvélarafeindavirkjar svo fremi þeir fullnægi kröfum í viðeigandi undirflokki A.
- 2) Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B1 veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu leiðarviðhaldi, þ.m.t. á burðarvirki loftfars, hreyflum og vélvirkum kerfum og rafkerfum. Skipti á rafeindatækjum, sem hægt er að skipta um í leiðarviðhaldi og kalla á einfaldar prófanir til að kanna nothæfi þeirra, fylgir einnig þessum réttindum. B1-flokkur skiptist í undirflokka flugvéla, þýrlna, hverfihreyfla og strokkhreyfla.
- 3) Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B2 veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu leiðarviðhaldi á rafeindabúnaði og rafkerfum.
- 4) Vottunarheimild viðhaldsvotta í C-flokki veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu aðalviðhaldi. Heimildin gildir fyrir loftfarið í heild, þ.m.t. öll kerfi. Aths.: Í JAR-145 er tilgreint hvaða starfsmenn skuli vera viðhaldsvottum í C-flokki til aðstoðar við aðalviðhald, einkum og sér í lagi eru tilgreindar kröfur um hæfi sem starfsmenn í flokkum B1 og B2 þurfa að uppfylla.

JAR 66.25 – Kröfur um grunnþekkingu.

(Sjá AMC 66.25 og IEM 66.25)

- a) Viðhaldsvottar skulu sýna þekkingu sína í prófi, sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA geta fallist á, á efnissviðum sem svara til JAR-66.20 flokksins sem JAR-66 skírteini flugvéltækni er gefið út eða framlengt fyrir.
- b) Þekkingarstiginn er í beinu samhengi við það hve flókin vottunin í hverjum tilteknum JAR-66 flokki er, en það merkir að viðhaldsvottar í A-flokki þurfa að hafa til að bera viðunandi þekkingu á takmörkuðu sviði, en viðhaldsvottar í flokki B1 og B2 þurfa að geta sýnt fram á að þeir hafi fulla þekkingu á viðeigandi efnissviðum. Viðhaldsvottar í C-flokki þurfa að uppfylla sömu kröfur um þekkingu og í flokkum B1 eða B2. Aths.: Í 1. viðbæti 2. þáttar JAR-66 eru nákvæmar upplýsingar um hvaða kröfur eru gerðar um þekkingu viðhaldsvotta í A-flokki og í flokkum B1 og B2.
- c) Viðurkennt verður að grunnþekking, og próf sem henni tengist, sé að fullu eða að hluta í samræmi við annað tæknilegt hæfi sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA telja jafngilt JAR-66 stöðlum um þekkingu.

JAR 66.30 – Kröfur um reynslu.

(Sjá AMC 66.30)

- a) Viðhaldsvottur skal uppfylla lágmarkskröfur um reynslu af viðhaldsvinnu við almenn loftför þegar sótt er um JAR-66 skírteini flugvéltækni, en flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mega slaka á þeim kröfum hafi þau gengið úr skugga um að viðhaldsvotturinn hafi annaðhvort fengið samþykka JAR-147 þjálfun eða aðra viðeigandi tækniþjálfun. Fyrir þá sem eru í A-flokki og flokki B1 eða B2 verður reynslan að vera hagnýt, sem merkir að þeir verða

að hafa unnið við það sem teljast má dæmigerður þverskurður af viðhaldsverkefnum við loftför.

b) Lágmarkskrafa um starfsreynslu við viðhald á almennum loftförum áður en tilslakanir skv. a-lið koma til greina er þrjú ár fyrir A-flokk og fimm ár fyrir flokka B1 og B2.

c) Viðhaldsvottur í C-flokki skal að lágmarki hafa þriggja ára starfsreynslu í viðhaldi almenningsloftfara með hæfi í flokki B1 eða B2 við leiðarviðhald eða sem aðstoðarmaður viðhaldsvotta í C-flokki við aðalviðhald, eða sambland af hvoru tveggja. Auk þess skulu viðhaldsvottar í C-flokki með hæfi sem handhafar prófgráðu í tæknigreini frá háskóla eða annarri kennslustofnun á háskólastigi, sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA, hafa að lágmarki þriggja ára reynslu af viðhaldi almenningsloftfara og dæmigerðu úrvali verkefna sem tengjast beint viðhaldi loftfara, þ.m.t. því að fylgjast með verkefnum við aðalviðhald um sex mánaða skeið.

d) Af tilskilinni reynslu þarf að vera að minnsta kosti eitt ár sem nýleg reynsla af viðhaldi loftfars sem telst dæmigert fyrir flokkinn eða undirflokkinn sem sótt er um JAR-66 skírteini flugvéltækni fyrir. Þetta á við um alla viðhaldsvotta.

e) Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA munu viðurkenna reynslu af viðhaldi loftfara sem fengin er utan þess umhverfis sem telst til viðhalds almennra loftfara þegar þau hafa gengið úr skugga um að slíkt viðhald sé sambærilegt því sem krafist er í JAR-66, en krafist verður viðbótarreynslu af viðhaldi almenningsloftfara til að tryggja skilning á því umhverfi sem viðhald almennra loftfara fer fram í.

JAR 66.40 – Áframhaldandi gildi skírteinis flugvéltækni.

(Sjá AMC og IEM 66.40)

Handhafi JAR-66 skírteinis flugvéltækni skal sjá til þess að upplýsingarnar í skírteininu séu þær sömu og skráðar eru í afrit skírteinisins, sem er í vörslu hjá þeim flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA sem upphaflega gáfu skírteinið út, með því að leggja inn áður nefnt skírteini til endurskoðunar hjá þeim flugmálayfirvöldum eigi síðar en fimm árum eftir síðustu útgáfu eða breytingu á skírteininu, eftir því sem við á. Sé það ekki gert telst JAR-145 vottunarheimild, sem gefin er út á grundvelli slíks JAR-66 skírteinis flugvéltækni, ógild og kann að verða krafist nýrrar viðhaldsreynslu og/eða endurupptöku sumra prófanna áður en skírteinið fæst endurútféfið. Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA taka ákvörðun í hverju máli fyrir sig.

JAR 66.45 – Tegundar- eða verkefnaþjálfun og áritanir.

(Sjá AMC og IEM 66.45)

a) Áður en viðhaldsvottar í A-flokki fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna tegund loftfars skulu þeir vera handhafar viðeigandi JAR-66 skírteinis flugvéltækni. JAR-145 vottunarheimildir eru aðeins veittar að lokinni verkþjálfun í viðhaldi í A-flokki á viðkomandi loftfari með fullnægjandi árangri sem fer fram í viðeigandi samþykkttri JAR-145 viðhaldsstöð eða JAR-147 þjálfunarstöð.

b) Áður en viðhaldsvottar í flokki B1 og B2 fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna tegund loftfars skulu þeir vera handhafar JAR-66 skírteinis flugvéltækni með viðeigandi tegundaráritun. Áritanir eru veittar að lokinni tegundaráritun með fullnægjandi árangri í flokki B1 eða B2 fyrir viðhald viðkomandi loftfars sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA eða viðeigandi samþykkttri JAR-147 þjálfunarstöð.

c) Áður en viðhaldsvottar í C-flokki fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna tegund loftfars skulu þeir vera handhafar JAR-66 skírteinis flugvéltæknis með viðeigandi tegundaráritun. Áritanir eru veittar að lokinni tegundarþjálfun með fullnægjandi árangri í C-flokki fyrir viðhald viðkomandi loftfars sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA eða viðeigandi samþykkttri JAR-147 þjálfunarstöð, nema um sé að ræða viðhaldsvott í C-flokki, með hæfi sem handhafi prófgráðu frá háskóla eins og tilgreint er í c-lið JAR-66.30, þar sem fyrsta tegundarþjálfun á loftfar verður að vera á sama stigi og í flokkum B1 eða B2.

d) Samþykkttri verkefna- eða tegundarþjálfun, eins og krafist er í a- til c-lið hér að framan, skal ljúka með prófi með fullnægjandi árangri.

JAR 66.50 – Líkamlegt ástand.

(Sjá AMC 66.50)

Viðhaldsvottur skal ekki neyta þeirra réttinda sem vottunarheimild hans veitir ef hann veit eða hefur grun um að líkamlegt ástand hans gerir hann ófæran um að neyta slíkra réttinda.

JAR 66.55 – Sönnun á hæfi.

(Sjá IEM 66.55)

Viðhaldsvottar sem uppfylla kröfur JAR-66 um hæfi fá útgefið JAR-66 skírteini flugvéltæknis hjá flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA og er það sönnun þess að einni af þeim kröfum um hæfi sem gerðar eru fyrir útgáfu JAR-145 vottunarheimildar hafi verið fullnægt. Viðhaldsvottur verður að geta framvísað skírteini sínu innan sanngjarns frests ef til þess bær maður fer fram á það.

JAR 66.60 - Sambærilegt öryggi.

(Sjá AMC 66.60)

Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA geta veitt hverjum þeim, sem krafist er að sé hæfur skv. JAR-66, undanþágu frá hvaða ákvæði JAR-66 sem er hafi þau gengið úr skugga um að fyrir hendi séu aðstæður sem ekki er gert ráð fyrir í JAR-66 og með fyrirvara um að farið sé að öllum viðbótarskilyrðum sem áðurnefnd yfirvöld telja nauðsynlegt að setja til að tryggja sambærilegt öryggi. Undantekningin og viðbótarskilyrðin þurfa að vera samþykkt af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA til að tryggja að hlutaðeigandi sé áfram viðurkenndur.

JAR 66.65 – JAR-66 skírteini flugvéltæknis afturkallað, fellt úr gildi tímabundið eða takmarkað.

(Sjá IEM 66.65)

a) Flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA er heimilt, að lokinni tilhlýðilegri athugun og á eðlilegum forsendum, að afturkalla, fella tímabundið úr gildi eða takmarka JAR-66 skírteini flugvéltæknis eða gefa fyrirmæli til samþykktar JAR-145 viðhaldsstöðvar um að afturkalla, fella tímabundið úr gildi eða takmarka JAR-145 vottunarheimild ef þau eru ekki fullviss um að handhafi skírteinisins og heimildarinnar sé hæfur til að vera handhafi skírteinisins og heimildarinnar, með fyrirvara um skilyrði 1. eða 2. tölul. a-liðar, eftir því sem við á.

1) Áður en flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA afturkalla eða takmarka JAR-66 skírteini flugvéltæknis, eða gefa fyrirmæli um það til samþykktu JAR-145 viðhalds

stöðvarinnar, skulu þau tilkynna þeim sem hlut á að máli skriflega með minnst 28 daga fyrirvara um þessa fyrirætlan sína og ástæður tillagna að þessu lútandi og gefa honum tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri og skulu flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA taka þær athugasemdir til umfjöllunar.

2) Hafi flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA ákvarðað að tvísýnt sé um örugga starfrækslu loftfarsins geta þau, til viðbótar ákvæðum 1. tölul. a-liðar, fyrirvaralaust afturkallað JAR-66 skírteini flugvéltækni til bráðabirgða þar til málsmeðferð 1. tölul. a-liðar er lokið.

b) Telji flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mann vera óhæfan í starfi merkir það að ótvíræðar sannanir séu fyrir því að hann hafi vitandi vits framkvæmt eða tekið þátt í einhverju af því sem hér fer á eftir:

- 1) fengið JAR-66 skírteini flugvéltækni og/eða JAR-145 vottunarheimild með því að leggja fram fölsuð gögn;
- 2) vanrækt að framkvæma það viðhald sem óskað var eftir ásamt því að tilkynna það ekki til stöðvarinnar sem óskaði eftir viðhaldsvinnunni;
- 3) vanrækt að framkvæma það viðhald sem hann hefði átt að gera að lokinni eigin skoðun ásamt því að að tilkynna það ekki til stöðvarinnar sem hann átti að vinna viðhaldið fyrir;
- 4) sýnt kæruleysi við viðhaldsstörf;
- 5) falsað viðhaldsskrár;
- 6) gefið út viðhaldsvottorð vitandi að viðhaldið, sem tilgreint var á viðhaldsvottorðinu, hafi ekki verið framkvæmt eða án þess að ganga úr skugga um að það hafi verið framkvæmt;
- 7) unnið viðhaldsvinnu eða gefið út viðhaldsvottorð undir áhrifum áfengis eða lyfja.